

Endurgreiðslur verða inntar af hendi gegn framvísun eftirgreindra skjala:

- 1) Sölnótu, staðfestri af kaupanda, sem sýni greinilega til hvaða iðnfyrirtækis selt hafi verið, svo og tegund og magn vöru.
- 2) Framvísun tollreiknings yfir vöruna, ásamt vörureikningi (faktúru).

Nú ris ágreiningur um endurgreiðsluhæfi endurgreiðslubeiðna, og sker þá fjármálaráðherra úr þeim ágreiningi, og er sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu. Fjármálaráðherra mun skipa þriggja manna nefnd og fela henni að gera tillögur um úrskurði í slíkum vafamálum. Í þeirri nefnd munu eiga sæti fulltrúi fjármálaráðuneytisins, fulltrúi frá ríkisendurskoðun og fulltrúi frá Félagi íslenskra iðnrekenda. Ráðuneytið áskilur sér rétt til, að fulltrúar þess sannreyni birgðir og minnir í því sambandi á refsíákvæði um rangar upplýsingar til yfirvalda.

Eyðublöð fást hjá Félagi íslenskra iðnrekenda, Lækjargötu 12, Reykjavík, Verzlunarráði Íslands, Laufásvegi 36, Reykjavík, og hjá tollyfirvöldum.

Fjármálaráðuneytið 20. febrúar 1970.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

6. marz 1970.

Nr. 51.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Stokkseyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Stokkseyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Til almennrar lýsingar um kwst.mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald 9.20 kr./kwst.
12. Til almennrar lýsingar um kwst.mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Fastagjald af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal, mælt innan útveggja:

Fyrir húðir, vinnustofur og skrifstofur	46.00 kr./m ² /ári
Fyrir geymslur og ganga þeim tilheyrandi	18.00 kr./m ² /ári
 - c. Orkugjald 2.70 kr./kwst.
13. Til götulýsingar um kwst.mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald 2.70 kr./kwst.
14. Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald 4.60 kr./kwst.

B. Almenn heimilisnotkun o. fl.

21. Til heimilisnotkunar um kwst.mæli:
- | | |
|--|----------------|
| a. Grunn gjald | 192.00 kr./ári |
| b. Orkugjald | 2.00 kr./kwst. |
| c. Fastagjald af hverju herbergi | 192.00 kr./ári |

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö, þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.

22. Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum, sjúkrahúsum og öðrum slíkum stöðum, enda séu tæki fasttengd, um kwst.mæli:
- | | |
|----------------------------------|----------------|
| a. Mælisleiga samkvæmt kafla II. | |
| b. Orkugjald | 2.00 kr./kwst. |

C. Vélanotkun.

31. Um kwst.mæli:
- | | |
|----------------------|----------------|
| a. Grunn gjald | 414.00 kr./ári |
| b. Orkugjald | 4.60 kr./kwst. |

Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds 900.00 kr./kw. í málraun véla.

Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til lýsingar og reiknast þá að auki fermetragjald af gólfleti, reiknað eftir sömu reglum og gilda um líð 12, en þriðjungi lægri.

32. Um afl og orkumæla (mestaafismæla):
- | | |
|----------------------------------|---------------------|
| a. Grunn gjald | 2 640.00 kr./ári |
| b. Aflgjald af notuðu afli | 2 640.00 kr./kw/ári |
| c. Orkugjald | 0.60 kr./kwst. |

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili. Aflnotkun mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung.

Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlíð. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlíð 12 og lágmarksaflgjald sem svarar 20 kw.

33. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kwst.mæli:
- | | |
|--|---------------------|
| a. Grunn gjald | 2 640.00 kr./ári |
| b. Fastagjald miðað við málraun véla | 2 100.00 kr./kw/ári |
| c. Orkugjald | 0.60 kr./kwst. |

34. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli:
- | | |
|----------------------|----------------|
| a. Grunn gjald | 414.00 kr./ári |
| b. Orkugjald | 2.00 kr./kwst. |

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við að fassviksstuðull tækja hjá notanda, t. d. rafsuðuspenna, sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri, getur rafveitan krafizt þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

D. Hitun.

41. Til húshitunar, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, þó eigi lengur en 1½ klst. í senn, um kwst.mæli:
- Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - Orkugjald 0.60 kr./kwst.
42. Til húshitunar, í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9, um kwst.mæli:
- Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - Orkugjald 0.40 kr./kwst.
43. Til húshitunar og hitunar í vatnsgeymum og gufukötlum, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, um kwst.mæli:
- Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - Orkugjald 1.20 kr./kwst.
44. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, í 12 klst. á tímanum frá kl. 20 til 10, um kwst.mæli:
- Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - Orkugjald 0.60 kr./kwst.
45. Sameina má gjaldskrárliði 43 og 44 og selja um tvígjaldsmæli.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 kwst.notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið 11. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera 1350.00 kr. á ári. Skal mismunur á ársnotkun og lægsta gjaldi, ef einhver er, innheimtur á fyrra ársheimingi næsta árs.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

- Af einfasa kwst.mælum 30 A og minni 150.00 kr./ári
- Af þrífasa kwst.mælum 50 A og minni 264.00 —
- Af þrífasa kwst.mælum yfir 50 A og til 100 A 372.00 —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, enn fremur klukkurofum, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun.

Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og skal greiða heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara		Hámarksafli KVA	Heimtaugargjald kr.	Yfirlengdargjald	
220 V kerfi Amp.	380 V kerfi Amp.			Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./stólpa
2 × 60	1 × 60	13	7 300	380	5 820
3 × 60	2 × 60	22	10 155	425	6 950
3 × 100	3 × 60	38	15 235	495	7 935
	3 × 100	66	24 120	625	9 200
3 × 200		75	26 980	665	
3 × 350	3 × 200	132	45 070	930	
		150 sp.	50 785	*)	
	3 × 350	231	76 495	1 205	
		300 sp.	98 395	*)	
		500 sp.	161 875	*)	

*) Greiðist samkvæmt kostnaði.

Umframgjald vegna stærðar lóðar reiknast fyrir bæði jarðstrengs- og loftlínuheimtaug kr. 2.50 á hvern m² umfram 800 m².

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæru leið að varkassa á útvegg, teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í, sé jarðstrengsheimtaug lögð frá loftlínu (samkvæmt ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að varkassa, en þveri heimtaugin akbraut skal breidd akbrautar dregin frá.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu stytztu greiðfæra leið að varkassa.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 Amp., einfasa	kr. 1 900
60 Amp., þrifasa	— 2 600

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandinn greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti, vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi, þó aldrei meiri frádráttur en heimtaugargjaldinu nemur.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Heimtaugargjald skal greitt að fullu, þegar sótt er um heimtaug.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun, 200 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 200 krónur á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 15%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins. Enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orku-lögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Rafveitu Stokkseyrar, nr. 67 26. febrúar 1969.

Iðnaðarráðuneytið, 6. marz 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Eyrarbakka.

I. RAFORKA

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Til almennrar lýsingar um kwst.mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald 9.20 kr./kwst.
12. Til almennrar lýsingar um kwst.mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Fastagjald af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal, mælt innan útveggja:

Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur	46.00 kr./m ² /ári
Fyrir geymslur og ganga þeim tilheyrandi	18.00 kr./m ² /ári
 - c. Orkugjald 2.70 kr./kwst.
13. Til götulýsingar um kwst.mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald 2.70 kr./kwst.